



Skýrsla stjórnar Golfklúbbsins Leynis Starfsárið 2015

Aðalfundur 1. desember 2015



MSKIP
OF GREAT BRITAIN

Blue sign with white text, partially visible on the right edge of the image.

Golfárið 2015 var 50. starfsár Golfklúbbsins Leynis.

Golfsumarið 2015 var óhefðbundið að því leyti að klúbburinn fagnaði 50 ára afmæli og Íslandsmótið í golfi var haldið á Garðavelli. Íslandsmótið var gríðarlega vel heppnað og geta Leynisfélagar verið mjög stoltir af þeirri framkvæmd. Boðið var uppá golfveislu í heila viku og veður og ástand vallar var eins og best verður á kosið. Mæltist framkvæmd mótsins og allar aðstæður mjög vel fyrir hjá keppendum og áhorfendum.

Gefið var út afmælisblað og þótti vel til takast með þá útgáfu. Afmælisblað sem þetta er mjög mikilvægur þáttur í að viðhalda í sögu klúbbsins.

Aukning var í skráðum spiluðum hringjum 2015 frá árinu áður þegar tillit er tekið til mótahalds. Endurspeglar þetta að stórum hluta gott veðurfar eftir miðjan júní og frábært ástand Garðavallar.

Valdís Þóra Jónsdóttir hafði í nógu að snúast á árinu og lék í fjölmörgum mótum á sínu öðru ári sem atvinnumaður og stóð hún sig með þryði og byggir upp reynslu á stóra sviði atvinnumennskunnar. Hún mun nú í desember


leika á lokaúrtökumóti fyrir evrópumótaröð kvenna.

Karla- og kvennalið Leynis léku í annari deild í sveitakeppni GSÍ og enduðu báðar sveitir í þriðja sæti. Sveit eldri kylfinga kvenna bar sigur úr þítum í sinni deild og eldri sveit karla lenti í öðru sæti í sinni deild.

Rekstur klúbbsins gekk vel og jukust rekstrartekjur um 25% milli ára. Rekstrarniðurstaða klúbbsins er í takt við væntingar og stóðst rekstraráætlun í megindráttum. Fjármögnun klúbbsins er í góðu horfi og skuldsetning í sögulegu lágmarki, nettó á klúbburinn um 11 milljónir í handbæru fé umfram langtímaskuldir.

Árið 2015 var þriðja ár Guðmundar Sigvaldasonar í stöðu framkvæmdastjóra Leynis og hefur hann haldið um reksturinn af myndugleika.

Í töflunni hér að neðan sést skipting á milli skráðra hringja einstaklinga á Garðavelli árið 2015 og til samanburðar eru árin 2014, 2013, og 2012, ekki eru taldir með spilaðir hringir í mótum.



Í eftirfarandi greinargerð ársins 2015 er starfssemi klúbbsins gerð skil. Þá eru skýrslur starfandi nefnda hjálagðar.

Aðalfundur 2. desember 2014

Á aðalfundi GL þann 2. desember 2014 var kosin ný stjórn fyrir starfsárið 2015.

Úr stjórn gengu :

- Formaður til eins árs: Þórður Emil Ólafsson
- Stjórnarmenn til tveggja ára:
Tryggvi Bjarnason og Hörður Kári Jóhannesson
- Varamaður til eins árs:
Ella María Gunnarsdóttir

Kosnir í nýja stjórn fyrir starfsárið 2015 voru:

- Formaður til eins árs: Þórður Emil Ólafsson
- Stjórnarmenn til tveggja ára:
Berglind Helgadóttir og Hörður Kári Jóhannesson
- Varamaður í stjórn til eins árs:
Ingibjörg Stefánsdóttir

Áfram sátu Hannes Marinó Ellertsson og Eiríkur Jónsson, kosnir til 2 ára.

Aðalfundur fór fram með hefðbundnum hætti.

Starf stjórnar á árinu

Haldnir voru 14 formlegir bókfærðir fundir stjórnar GL og þar að auki fjöldi óformlegra funda og samtala stjórnarmanna á milli. Eins eru tölvupóstsendingar mikið notaðar til skrafs og ráðagerða.

Áframhald var á samstarfið við Einar Lyng golfkennara í golfþjálfun okkar kylfinga með áherslu á afreks, barna og unglingastarf. Aukning var á þátttöku barna og ánægjulegt að sjá aukið líf færast í hóp yngri kylfinga. Almenn ánægja hefur verið með störf Einars á árinu og vonast stjórn eftir áframhaldandi góðu samstarfi.

Samtarf við Grastec ehf. og Brynjar Sæmundsson var einnig framhaldið og er mikil ánægja innan stjórnar með það samstarf og vonast stjórn til þess að áframhald verði á þeirri samvinnu sem verið hefur.

Sett var á laggirnar afmælisnefnd sem sá um undirbúning á þeim atburðum sem haldnir voru tengt afmælisárinu sem og útgáfu afmælisblaðsins. Vel þótti takast með útgáfu afmælisblaðsins og er það mikilvægur þáttur í að halda utan um sögu klúbbsins. Stjórn GL vill þakka Sigurði Elvari fyrir frábært framlag í þetta verkefni.

Stjórn og framkvæmdastjóri gerðu samning við Tom Mackenzie, skoskan golfvallarhönnuð, og skilaði hann skýrslu með sínum hugmyndum nú á haustmánuðum. Er það von stjórnar að hægt verði að nýta þá skýrslu sem grunn til að vinna eftir á komandi árum.

Nú er lokið þessu rekstrarári Leynis stjórn GL er mjög ánægð með að rekstraráætlun sem lagt var upp með á aðalfundi 2014 stóðst án mikilla frávika og ber að þakka Guðmundi Sigvaldasyni framkvæmdastjóra fyrir árangurinn og góð störf á árinu. Ennfremur ber að þakka félagsmönnum sem tóku virkan þátt í starfsemi klúbbsins með mjög svo óeigingjörnu sjálfbóðaliðastarfi. Golfklúbburinn Leynir er öfundsverður af jafn öflugum hópi félagsmanna.

Störf nefnda

Nefndastarf var með hefðbundnum hætti starfsárið 2015. Starfandi nefndir voru barna- og unglinganefnd, kvennanefnd, vallarnefnd, forgjafanefnd, öldunganefnd karla, mótanefnd og afmælisnefnd. Nánar er fjallað um starfsemi hvernar nefndar í hjálögðum skýrslum.

Keppnisgolf og afreksfólk

Valdís Þóra Jónsdóttir gerðist atvinnumaður á haustmánuðum 2013 og lék á sínu öðru ári á LET Access mótaröðinni á árinu og hafnaði í 25. sæti, Valdís mun leika á úrtökumóti fyrir Evrópu mótaröð kvenna í Marokkó í desember. Valdís Þóra stóð sig með þrýði á mótaröðinni sem er hliðarmótaröð við Evrópumótaröð kvenna.

Valdís Þóra spilaði í 13 mótum erlendis og var árangurinn ágætur og stefnir hún ótrauð áfram og mun reyna aftur við úrtökumótið sem haldið verður nú í desember í Marokkó á svipuðum slóðum.

Valdís Þóra tók þátt í Íslandsmótinu í holukeppni á Akureyri og Íslandsmótinu í högggleik sem var haldið var á Garðavelli og endaði hún þar í öðru sæti.

Barna- og unglingastarf GL var með um 12 virka iðkendur í afreksefnastarfinu. Tóku iðkendur GL þátt í hinum ýmsu mótum á vegum GSÍ s.s. Eimskipsmótaröðinni, Íslandsbankamótaröðinni, Áskorendamótaröðinni, Íslandsmóti í högggleik, Íslandsmóti í holukeppni og sveitakeppni unglinga. Var árangur með ágætum þegar á heildina er litið. Sérstaklega er ánægjulegur árangur Björns Viktors Viktorssonar en hann hafnaði í öðru sæti á áskorendamótaröðinni.

GL sendi sveit karla og kvenna til leiks í Sveitakeppni GSÍ. Karlarnir léku í 2. deild sem fram fór Vestmannaeyjum og endaði sveitin í þriðja sæti. Konurnar léku í 2. deild í Hveragerði og enduðu þær í þriðja sæti einnig.

Leynir sendi karlasveit öldunga til þátttöku í sveitakeppni 55 ára og eldri en keppt var í Sandgerði. Sveitinni gekk mjög vel og endaði í 2. sæti keppinnar.

Leynir sendi kvennasveit öldunga til þátttöku í sveitakeppni 55 ára og eldri og gerðu þær sér lítið fyrir og unnu deildina, mótið var haldið á Hellishólum.


Félagafjöldi

Félagsmönnum í GL fjölgaði á árinu 2015 úr


390 í um 410. Golfklúbburinn Leynir er 11. stærsti klúbbur landsins miðað við félagafjölda samkvæmt upplýsingum GSÍ.

Á Vesturlandi eru 9 klúbbar og er GL stærsti klúbbur Vesturlands með rúmlega þriðjung félagsmanna skráða innan sinna vébanda. Alls eru 65 klúbbar skráðir á landinu og heildar fjöldi skráðra félaga innan vébanda GSÍ eru rúmlega 16.000. Fjórir stærstu klúbbar landsins hafa frá rúmum 1.100 félagsmönnum og upp í tæplega 3.000, þar sem GR er stærsti klúbbur landsins.


Hér að neðan sést skipting félagsmanna GL niður á flokka eftir innheimtu árgjalda.




Skipting félagsmanna niður í aldurshópa er nokkuð í takt við aldursskiptingu kylfinga á landsvísu, þó eru heldur færri kylfingar 51 árs og eldri inna raða GL heldur en á landsvísu. Fjölgun var í aldurshópnum frá 30 upp í 70 ára. Félagsgjöld fyrir yngsta aldurshópinn voru lækkuð og var það gert til að auka við fjölda barna í klúbbnum og fjárfesta í framtíðar kylfingum.



Skipting félagsmanna í konur, karla, börn og unglinga má sjá hér neðar. Hlutfall kvenna eykst um 1% og er 21% félagsmanna, hlutfall karla stendur í stað milli ára og eins er óveruleg breyting meðal barna og unglinga.




Hér neðar sést hvernig félagsmenn skiptast niður á mismunandi forgjafarflokka, niðurstöðurnar eru flestar í takt við almenna skiptingu á landsvísi í samanburði við upplýsingar frá GSÍ.



Mótahald

Mótahald gekk ágætlega sumarið 2015 og var starf mótanefndar þetta árið sem hingað til, til mikillar fyrirmyndar. Fjöldi móta í sumar voru 50 sem um 1970 manns sóttu og er það samdráttur milli ára sem nemur 23%. Ef leitað er ástæðna má helst nefna að Garðavöllur opnaði 2 vikum seinna í ár samanborið við árið 2014 og einnig var kalt fram í miðjan júní og án efa hefur þetta haft sitt að segja.

Mótahaldið var að venju fjölbreytt blanda af innanfélagsmótum, barna- og unglingamótum, kvennamótum og opnum mótum ásamt mótahaldi í tengslum við mótaraðir GSÍ og LEK. Hæst stendur þó Íslandsmótið í högggleik sem haldið var í júlí á Garðavelli og gekk það framur vonum og skartaði Garðavöllur sínu fegursta.



Meistaramót Leynis var haldið dagana 6. – 11. júlí. Þátttakan var góð og tóku rúmlega 100 félagsmenn þátt ásamt fjölda barna og unglinga í meistaramóti yngri kylfinga. Lokahóf mótsins var síðan haldið í sal

ÍA við Jaðarsbakka og bornar voru fram veitingar frá Galito.

Klúbbmeistarar urðu eftirfarandi:

Meistaraflokkur karla

1. Stefán Orri Ólafsson, 303 högg
2. Jón Örn Ómarsson, 317 högg
3. Þórður Emil Ólafsson, 325 högg

1.flokkur karla

1. Halldór Karvel Bjarnason, 322 högg
2. Halldór B.Hallgrímsson, 326 högg
3. Alexander Högnason, 327 högg

2.flokkur karla

1. Vilhjálmur E.Birgisson, 343 högg
2. Ísak Darri Þorsteinsson, 343 högg
3. Rúnar Freyr Ágústsson, 347 högg

3.flokkur karla

1. Atli Teitur Brynjarsson, 370 högg
2. Emil Kristmann Sævarsson, 382 högg
3. Dean Edward Martin, 384 högg

4.flokkur karla

1. Jón Heiðar Sveinsson, 403 högg
2. Magnús Daníel Brandsson, 419 högg
3. Þórður Guðlaugsson, 429 högg

Karlar 55+

1. Valentínus Ólason, 266 högg
2. Sigurður Grétar Davíðsson, 269 högg
3. Hörður Kári Jóhannesson, 271 högg

Karlar 70+

1. Alfreð Viktorsson, 269 högg
2. Gestur Sveinbjörnsson, 301 högg
3. Halldór Friðgeir Jónsson, 311 högg

15 ára og yngri

1. Björn Viktor Viktorsson, 253 högg
2. Ísak Örn Elvarsson, 256 högg
3. Gunnar Davíð Einarsson, 275 högg

Drengir 12 ára og yngri (gr. teigar Garðav.)

1. Óskar Gísli Búason
1. Aron Elvar Dagsson
2. Bjarki Brynjarsson

Meistaraflokkur kvenna

1. Arna Magnúsdóttir, 385 högg

1.flokkur kvenna

3. Hildur Magnúsdóttir, 350 högg
4. Elín Dröfn Valsdóttir, 370 högg
5. María Björg Sveinsdóttir, 379 högg

2.flokkur kvenna

1. Svandís Rögnvaldsdóttir, 385 högg
2. Bryndís Rósa Jónsdóttir, 419 högg
3. Sandra Björg Axelsdóttir, 437 högg

3.flokkur kvenna

1. Ingibjörg Stefánsdóttir, 319 högg
2. Kristjána Jónsdóttir, 328 högg
3. Soffía Margrét Pétursdóttir, 332 högg

Konur 50+

1. Hrafnhildur Sigurðardóttir, 271 högg
2. Sigurbjörg Jenný Sigurðardóttir, 287 högg
3. Sigríður E.Blumenstein, 292 högg

Stúlkur 12 ára og yngri (gr. teigar Garðav.)

1. Elísabet Eir Magnúsdóttir

Stúlkur (rauðir teigar Garðavelli)

1. Bára Valdís Ármannsdóttir
2. Kristín Vala Jónsdóttir
3. Anna Þóra Hannesdóttir

Drengir litli Garðavöllur

1. Hilmar Veigar Ágústsson
2. Morten Ottesen
3. Davíð Logi Heiðarsson

Mótahaldið í sumar þótti takast afar vel í alla staði og á mótanefnd miklar þakkir skilið fyrir frábærlega vel unnin störf í sumar.

Framkvæmdir á árinu 2015

Í eftirfarandi samantekt er stutt samantekt á verkefnum ársins, ítarlegri samantekt má finna í skýrslu vallarnefndar þar sem verkefnum er gerð góð skil.

Töluvert var um smærri framkvæmdir á Garðavelli á árinu til að bæta Garðavöllum og fegra hann fyrir 50 ára afmælisárið og Íslandsmótið í golfi.

Áframhaldandi vinna var unnin við að þurrka völlinn og stóð hreinsun skurða og tjarna yfir frá hausti til vors. Salerni var komið fyrir í upphafi árs við enda 6. brautar og 14. brautar ásamt tilheyrandi frágangi. Nokkrir teigar voru lagfærðir og endurtyrðir með góðum árangri. Vinnudagar í apríl og maí tókust vel og var unnið við almenna tiltekt, lagfæringar stíga og annan nauðsynlegan undirbúning fyrir opnun vallar.

Sérstaklega skal þakka öllum þeim félagsmönnum Leynis sem fúsir hafa lagt hönd á plóg með sjálfboðavinnu sinni í þeim ýmsu verkefnum sem við höfum unnið að þetta árið.

Rekstrarniðurstaða

Rekstrarniðurstaða Leynis er sterk og er umfang rekstrarins orðið töluvert mikið. Rekstrartekjur jukust um 25% og rekstrargjöld um 28%. Rekstrarafkoma klúbbsins var með ágætum eftir rekstrarárið og var rekstrarhagnaður uppá rúmar 3,3 milljónir króna. Rekstrartekjur voru 89,6 milljónir króna eða 5% umfram áætlun. Rekstrargjöld voru hins vegar 86,3 milljónir króna eða 5% umfram áætlun.

Þegar heildar niðurstaða ársins 2015 er skoðuð þá er reiknaður hagnaður ársins neikvæður um rúmar 515 þúsund króna. Efnahagur klúbbsins er þrátt fyrir það í góðu jafnvægi við lok þessa rekstrarárs og stendur langtímalán klúbbsins nú í tæpum 3,9 milljónum króna og eru um 2 ár eftir af því láni. Á móti stendur handbært fé klúbbsins í rúmum 15,5 milljón krónum á sama tíma.

Staða klúbbsins eftir rekstrarárið 2015 er sterk, bæði hvað varðar rekstrarforsendur sem og

efnahag. Áfram sem hingað til er það stefna stjórnar að klúbburinn sé rekinn af varfærni, gerð fimm ára áætlana varðandi framkvæmdir og endurnýjun tækjakosts mun hjálpa til við að fanga það viðsfangsefni sem rekstur klúbbsins er.

Hvernig gengur að framfylgja þeim áætlunum byggist svo á tekjuhlíð klúbbsins. Þátttaka félagsmanna í framkvæmdum og rekstri klúbbsins hefur sparað klúbbum mikil útgjöld og haft mikil áhrif á að afkoman er jákvæð.

Starfsmannamál

Starfsmenn GL á árinu 2015 voru samtals 22 þegar mest lét frá vori til hausts með mismikið vinnuhlutfall. Guðmundur Sigvaldason framkvæmdarstjóri er eini launþegi á heils árs grundvelli. Einar Lyng íþróttastjóri og golfkennari er í hlutastarfi og launþegi klúbbsins. Einar Lyng hefur umsjón með barna- og unglingastarfinu innan klúbbsins. Einnig störfuðu við völlinn hópur unglinga úr unglingavinnu Akraneskaupstaðar eins og verið hefur undanfarin ár. GrasTec, félag í eigu Brynjars Sæmundssonar, sá um faglega umsjón umhirðu Garðavallar og framkvæmda við hann eins og árin 2013 og 2014 og hefur þetta samstarf reynst klúbbum afar farsælt.

Veitingasala

GL rak veitingasöluna eins og fyrri ár. Kristín Magnúsdóttir sá um veitingasöluna af sama myndarbrag og árin 2013 og 2014. Auk Kristínar aðstoðuðu hana fjórar starfstúlkur við að gera þjónustuna sem besta. Vel tókst til með rekstur veitingasölnunnar og almenn ánægja var með þjónustuna og vöruframboðið.

Samningar við aðra golfklúbba

GL gerði í sumar vinavallasamninga við valda golfklúbba sem félagsmenn gátu nýtt sér á ferðum sínum um landið. Vinavallarsamningar eru hugsaðir sem góð viðbót og ábati við það árgjald sem félagar greiða og innhéldu samningarnir afslætti af vallargjöldum. Samstarf var við eftirtalda klúbba: GM, GB, GJÓ, GVG, GMS, GGB, GHG, GOS, GHR, GV, GG, GSG, GA, GHD OG GBR.


Umferð um Garðavöll

Lítilleg aukning varð í skráðum hringjum milli ára en í sumar léku 18.747 kylfingar Garðavöll. Skráning miðast við maí til loka september. Leiknir voru 16.777 hringir skv. skráðum rástímum og 1970 mótahringir. Samtals gerir þetta um 18.747 hringi.

Rekja má ástæðu þessarar aukningar þó lítil sé m.a. til ánægju kylfinga almennt með völinn.

Völlurinn opnaði seinna í maí en áður og kuldatið fram í miðjan júní kann að hafa eitthvað að segja um heimsóknir á Garðavöll en veður hlýnaði mikið eftir miðjan júní og var hið besta eftir það. Völlurinn fékk að auki frábæra kynningu í tengslum við Íslandsmótið sem án efa hefur heillað kylfinga því heimsóknir jukust mikið þegar leið á sumarið.

Fjöldi spilaðra hringja á Garðavelli undanfarin sumur skv. skráningum:



Hér til hliðar er listi yfir 10 félagsmenn sem eru með flestar skráðar komur á Garðavöll á tímabilinu janúar til loka september 2015. Það er virkilega gaman að sjá hvað margir félagsmenn voru duglegir að spila Garðavöll.

GL félagar með flesta skráða hringi		
Nafn	Hringir	Sæti
Þórir Björgvinsson	68	1
Edda Elíasdóttir	67	2
Alfreð Viktorsson	62	3
Þórey Sigríður Ingvarsdóttir	61	4
Jóhannes Karl Engilbertsson	60	5-6
Reynir Gunnarsson	60	5-6
Sigríður V. Gunnarsdóttir	59	7
Bjarni Þór Ólafsson	56	8
Hafsteinn Víðir Gunnarsson	55	9-10
Karl Svanhólm Þórðarson	55	9-10

Samskipti við Akraneskaupstað

GL átti gott samstarf við Akraneskaupstað á árinu eins og undanfarin ár. Sá stuðningur sem Akraneskaupstaður hefur veitt klúbbnum í gegnum tíðina er gríðarlega mikilvægur fyrir klúbbinn til frambúðar. Akraneskaupstaður styrkti klúbbinn sérstaklega í tengslum við Íslandsmótið, völlurinn er góð kynning fyrir bæjarfélagið og er ánægjulegt að forsvarsmenn bæjarins átti sig vel á því.

Styrktaraðilar

Rekstur golfklúbbs er mikið og stórt verkefni og án dyggra félagsmanna, stuðningsaðila og stuðnings velgjörðaaðila væri reksturinn erfiður í alla staði.

Aðal styrktaraðili klúbbsins líkt og undanfarin ár er Akraneskaupstaður og hefur GL treyst á aðkomu hans að rekstri klúbbsins og

Garðavallar sem og þátttöku í ýmsum framkvæmdum s.s nýrri vélaskemmu og minni viðhaldsverkefnum á vellinum.

Almennur rekstur klúbbsins hefur notið góðs af góðum styrktaraðilum og ber þar fyrst að nefna Norðurál sem er einn af helstu styrktaraðilum klúbbsins en skorkort, teigmerki, fánar á flötum og brautarskilti er merkt fyrirtækinu.

Landsbankinn er líkt og undanfarinn ár einn af helstu styrktaraðilum klúbbsins og styrkir mótahald félagsmanna, opið mót og er aðal styrktaraðili barna og unglingastarfsins en aðrir aðilar eins og Íslandsbanki og Krónan leggja einnig til fjármagn í tengslum við barna og unglingastarfið.

Aðrir megin styrktaraðilar sem að starfinu komu voru fjölmargir samanber eftirfarandi upptalningu:

- | | | |
|-------------------------|--------------------------|-------------------------|
| - Bernhard | - Marel | - Verslun Einars |
| - Sjóvá | - Golfbúðin | - Ólafssonar |
| - Húsasmiðjan | - Golfskálinn | - Skóflan |
| - Byko | - ÍSAM | - BÓB vinnuvélar |
| - N1 | - Kaupás/Krónan | - Galito |
| - Síminn | - Bílver | - Fjölbautaskóli |
| - Terma ehf | - GrasTec | - Vesturlands |
| - Kjaran | - Verkalýðsfélag Akranes | - Steðji |
| - Ölgerðin | - Verslunin Bjarg | - Akraborg |
| - HB Grandi | - Terma | - Blikkverk |
| - Samhentir/Vöruverking | - Úra- og | - Blikksmiðja Guðmundar |
| - Reykjafell | skartgripaverslun | - Apótek Vesturlands |
| - Ískraft | Guðmundar B.Hannah | - Valfell fasteignasala |
| - Smith og Norland | - Omnis | - Norðanfiskur |
| - TM | - Topp Útlit | - Straumnes |
| (Tryggingamiðstöðin) | - Prentmet | - Telnet |
| - Icelandair Hotels | - Mannvit | - Trésmiðjan Akur |
| - Icelandair Group | - BM Vallá | - Ver |
| - Eimskip | - Rafþjónusta Sigurdórs | - Verslunin Nína |
| - Toyota | - Markstofa | - þþþ |
| - Jötunn | - @home | - Gámaþjónusta |
| - Öryggismiðstöðin | - Bíóhöllin Akranesi | Vesturlands |
| - Securitas | - Vinir Hallarinnar | |
| - SkjárEinn | | |

Einnig eru ótaldir fjölmargir smærri styrktaraðilar og velunnarar Golfklúbbsins Leynis sem styðja við starfið á einn eða annan máta. Stjórn GL vill ítreka sínar þakkir við þann stuðning sem þessir aðilar sem og fjölmargir hafa veitt klúbbnum á árinu og undanfarin ár.

Lokaorð

50. rekstrarári golfklúbbsins Leynis er nú lokið. Af nógu var að taka hjá klúbbum á þessu stórafmælisári og ber þar hæst Íslandsmótið í högguleik sem fram fór í júlí.

Óhætt að segja að árið hafi verið gott hjá Golfklúbbum Leyni í marga staði, rekstrarniðurstaða góð, efnahagur klúbbsins í góðu jafnvægi og félagsstarfið í miklum blóma.

Afmælisblaðið sem kom út á vormánuðum heppnaðist vel og er það mikilvægur þáttur í því að varðveita sögu klúbbsins. Sigurður Elvar Þórólfsson hafði veg og vanda af ritstjórn blaðsins og kann stjórn GL honum bestu þakkir fyrir.

Hápunktur sumarsins var þegar Íslandsmótið var haldið á Garðavelli, ástand vallarins var frábært og léku veðurguðir við kylfinga Íslandsmótsvikuna. Griðarlega metnaðarfull skipulagning heppnaðist vel og aðstoðuðu félagsmenn sem fyrr þannig að framkvæmdin var eins flott og raun bara vitni. Stjórn vill sérstaklega þakka framlag félagsmanna til verkefnisins. Til að staðfesta hversu vel tókst til með framkvæmdina þá fékk Viktor Elvar Viktorsson, mótsstjóri Íslandsmótins sérstaka viðurkenningu á Golfþingi Íslands sem sjálfboðaliði ársins í golfhreyfingunni.

Stjórn GL hefur lagt áherslu á öflugt félagsstarf og hefur það félagsstarf helst kristallast í öflugri sjálfbærðastarfi. Ennfremur hefur stjórn rætt um hugmyndir að efla ennfremur það góða starf sem hefur verið í kringum kvennastarfi klúbbsins ásamt því að efla og fjölga þátttakendum af yngstu kynslóðinni í starfinu, sem jú er framtíðarauður GL.

Staða GL er sterk bæði félagslega sem og efnahagslega, GL hefur á að skipa öflugri liði félagsmanna sem boðnir eru og búnir til þess að leggja hönd á plóg. Skuldastaða klúbbsins hefur ekki verið lægri um áráðir, sjóðsstaða er sterk og er það gott veganesti til þess að takast á við verkefni komandi ára. Með skýrslu

Tom Mackenzie sem kom út í haust er til kominn grunnur til þess að marka stefnu varðandi það að betrubæta Garðavöllum. Einnig hefur samhlíða verið gerð áætlun um endurnýjun tækjakosts klúbbsins. Byggt á þessum áætlunum mun stjórn vinna áfram ásamt því að halda áfram að stuðla að sterkum félagsanda í klúbbum.

Öflugt félagsstarf er mikilvægt fyrir klúbb eins og okkar og eykur það ánægju félagsmanna við ástundun íþróttarinnar. Félagsstarfið er borið uppi af félagsmönnum, áhuga og framlagi þeirra til starfsins. Stjórn GL vill sérstaklega þakka því fólki sem komið hefur að skipulagningu á félagsstarfinu, það vinnuframlag sem innt er af hendi er ómetanlegt til þess að gera félagsstarfið blómlegt og ánægjulegt. Mikið og gott starf nefnda á vegum GL og þeirra félaga sem í þeim starfa er gífurlega mikilvægt og skal það haft í hávegum í klúbbi eins og GL.

Eins og tíundað hefur verið er það milljóna virði fyrir klúbb eins og okkar að hafa svo öflugan félagsmenn.

Garðavöllur skartaði sínu fegursta á afmælisárinu og hefur hann sjaldan eða aldrei verið í eins góðu ásigkomulagi. En þrátt fyrir það er ekki ástæða til þess að slaka á kröfunum um góðan golfvöll og mun stjórn kappkosta að halda áfram að bæta gæði vallarins þannig að hann geti haldist áfram í fremstu röð golfvalla á Íslandi. Fyrsta skrefið á þeirri vegferð er grunnskýrslan sem unnin var af Mackenzie og Ebert.

Stjórn GL vil að lokum þakka félögum, nefndarmönnum, styrktaraðilum og starfsfólki fyrir framúrskarandi aðkomu að starfinu og umfram allt gott samstarf á rekstrarárinu 2015.

Fyrir hönd stjórnar Golfklúbbsins Leynis
Þórður Emil Ólafsson, formaður
1. desember 2015





Skýrslur nefnda

Skýrsla barna og unglinganefndar

Starfsárið 2015 voru um 104 börn og unglingar 18 ára og yngri, strákar og stelpur þátttakendur í starfi Golfklúbbsins Leynis með einum eða öðrum hætti. Um 16 stelpur á aldrinum 6 til 15 ára æfðu golf og voru duglegar að mæta á æfingar og taka þátt í starfi klúbbsins. Flestir iðkendur 15 ára og yngri æfa 2-4 sinnum á viku yfir sumartímann og 2 í viku yfir vetrartímann.

Umsjón með barna- og unglingastarfinu hafði Einar Lyng íþróttastjóri GL og golfkennari.

Boðið var upp á golf- og leikjanámskeið í sumar fyrir áhugasöm börn á aldrinum 6 til 10 ára og tókst það afar vel. Um 45 - 50 börn sóttu námskeiðið sem var í umsjón Axels Fannars Elvarssonar og Arons Mána Alfreðssonar afreksefna GL.

Árangur úr starfinu

Barna og unglingastarfið var með um 12 virka iðkendur í afreksefnastarfi klúbbsins sem nefnist TLU (Team Leynir unglingar). Í fyrsta sinn nú í sumar síðan 2008 var stúlka frá Leyni að keppa fyrir hönd klúbbsins á mótarið GSÍ.

Tóku iðkendur GL þátt í mótum á vegum GSÍ s.s. Íslandsbanka mótariðinni, Áskorendamótariðinni, Íslandsmóti í högggleik, Íslandsmóti í holukeppni og sveitakeppni unglinga.

Á Íslandsbanka mótariðinni í flokki 17-18 ára unglinga þar sem þátt tóku 53 kylfingar af öllu landinu átti Leynir 2 kylfinga sem enduðu í topp 40.

Á Íslandsbanka mótariðinni í flokki 15-16 ára unglinga þar sem þátt tóku 44 kylfingar af öllu landinu átti Leynir 2 kylfinga sem enduðu í 29. og 33. sæti.

Á Íslandsbanka mótariðinni í flokki 14 ára og yngri þar sem 41 kylfingar af öllu

landinu og átti Leynir 1 kylfing sem endaði í 26. sæti.

Á Áskorendamótariðinni tóku 9 kylfingar þátt í flokki 14 ára og yngri og voru 4 kylfingar GL þar í topp 20. Bestum árangri náði Björn Viktor sem endaði í 2. sæti í heildarstigakeppni mótariðarinnar, Atli Teitur varð einnig í öðru sæti í flokki 15-16 ára og Bára Valdís náði 16. sæti í flokki kvk. 14 ára og yngri.

Afteksefnin tóku einnig þátt í meistaramóti Leynis og fjölmenntu í flokka fullorðinna með ágætum árangri.

Á Íslandsmótinu í högggleik og holukeppni sem og í sveitakeppni unglinga var árangur okkar fólks ágætur.

Ýmis fróðleikur úr starfinu

Vetrarstarfið í almennu starfi hófst af krafti í nóvember með æfingum í vélaskemmunni ásamt því að æfingasvæðið Teigar var notað þegar veðrið gaf tilefni til.

Nýr golfhermir var tekinn í notkun og vakti hann mikla ánægju við inniæfingar.

Þegar voraði þá hófust útiæfingar af krafti hjá öllum iðkendum og þegar skólastarfi lauk í júní var starfið komið í eðlilegan farveg með virkri þátttöku iðkenda.

Reglulega var spilað á Garðavelli en það er afar mikilvægt að leyfa framtíðarkylfingum sem eru að stíga sín fyrstu skref að prófa völinn sem fullorðnir spila á.

Haustmótarið með stuðning Omnis á Akranesi var haldin og fjölmenntu börnin í hana og tóku miklum framförum mörg hver.

Í ágúst var farin árleg óvissuferð með börnin og spilað á Glanna í Borgarfirði og farið í sund í Borgarnesi. Ferðin tókst vel í alla staði og komu börnin heim þreytt og ánægð eftir skemmtilegan dag.

Allir iðkendur innan ráða Leynis áttu kost á þátttöku í meistaramóti klúbbsins og var þátttakan með ágætum. Börnin fengu öll verðlaun og voru sigurvegarar, hver með sínum hætti. Skipulögðum æfingum barna lauk í lok september en sumir spiluðu golf áfram og hafa sést á golfvellið eða æfingasvæðinu þrátt fyrir að daginn sé farið að stytta mikið. Æfingar hófust að nýju nú um miðjan nóvember.

Í lokin er rétt að þakka öllum þeim sem að starfinu koma, krökkunum, unglingunum og foreldrum þeirra, framkvæmdarstjóra og stjórn GL, liðsstjórum að ógleymdum þeim fyrirtækjum sem styrkja barna- og unglingastarf GL en án þeirra stuðnings væri erfitt að halda úti öflugum starfi.

F.h. barna og unglinganefndar
Einar Lyng íþróttastjóri og golfkennari GL.



Mynd: þátttakendur í óvissuferð sem farin var í ágúst 2015.



Mynd: þátttakendur í lokamóti haustmótaraðar 2015.

Skýrsla vallarnefndar

Í vallarnefnd tímabilið 2014 til 2015, sátu:
Alfreð Þór Alfreðsson formaður
Hörður Kári Jóhannesson
Reynir Þorsteinsson
Kristvin Bjarnason
Vilhelm Jónsson

Guðmundur Sigvaldason
framkvæmdastjóri og Brynjar
Sæmundsson vallarstjóri tóku virkan þátt í
störfum vallarnefndar.

Á tímabilinu var vinnu haldið áfram við að
bæta Garðavöll og fegra hann fyrir 50 ára
afmælisárið og Íslandsmótið í golfi.

Í nóvember 2014 sá Gunnar Gunnarsson
um djúpskurð allra brauta vallarins í
sjálfböðavinnu.



Frá hausti og fram á vor var vinnu haldið
áfram við hreinsun skurða og tjarna líkt og
veturinn á undan. Að þessu sinni skurði á
mili 18. og 13. brautar, skurð á milli 10. og
13. brautar, skurð frá tjörn á 1. braut,
tjörn og skurð á 6. braut, skurð við 14.
teig að hluta og skurð við 1. teig.

Grafinn var drenskurður framan við
æfingaskýlið Teiga, sett í hann drenrör og
drenmöl. Einnig var brautarglampa á 12.
drenuð.


Búinn var til vegur frá vélaskemmu,
meðfram mön og að 8. braut til að bæta



aðkeyrslu slátturvéla að vallsræðinu frá
vélskemmunni. Einnig var búinn til rampur
við grasgám svo auðveldara væri að losa
gras í hann af vinnubílum og svo hann
nýttist betur. Steypt var viðbót við plan
umhverfis vélaskemmuna, sunnan og
austan við hana.

Guðjón Pétur Pétursson fór yfir allar
slátturvélar Leynis í sjálfböðavinnu, skipti
um olíu og síur, skipti um varahluti og
gerði við ýmsar aðkallandi bilanir í
vélunum.

Salernis húsi, sem smíðað var af
Fjölbrautarskóla Vesturlands, var komið
fyrir og standsett á svæðinu þar sem 6. og
14. braut mætast auk þess sem rotpró var
sett niður og seturlögn útbúin samkvæmt
reglugerðum. Ný timburbrú sem Alfreð
Þór Alfreðsson smíðaði var sett yfir skurð
við WC húsið með aðgengi frá 14. braut.



Skorið var ofan af teigum á 5. braut
(rauður), 10. braut (gulur/blár) og 14.
braut (hvítur) og þeir sléttaðir og
endurtyrfðir. Einnig var moldaruppgröftur



fyrir framan hvíta teiginn á 13. braut
sléttaður og tyrfður.

Vinnudagar voru haldnir 18. og 23. apríl og svö 1. maí þar sem félagsmenn lögðust á eitt við tiltekt á vellinum, koma út brautarskiltum, bekkjum og öðrum búnaði á velli, keyra sandi í glompur og vinna við snyrtingu og jöfnun ofaniburðar í alla stíga vallarins. Einnig voru allir stígar kantskornir. Mikið og gott starf var unnið í sjálfböðavinnu félagsmanna þessa daga.

Grassvæði fyrir framan æfingaskýli var gatað, krafsað, sáð og sandað í það til að ná því sem bestu fyrir Íslandsmótið í golfi. Sú aðgerð heppnaðist mjög vel.



Yfir sumartímann var lögð áhersla á snyrtimennsku í umhirðu vallarins. Sú vinna gekk vel í flesta staði. Aukin áhersla var lögð á slátt fyrir og yfir Íslandsmótið í golfi og er óhætt að segja að völlurinn hafi verið með besta móti á þessum tímapunkti sumarsins. Sumarið var þurrara en tvö síðustu sumur og þurfti að vökva flatir og teiga all nokkuð oft yfir sumarið.



Áburðargjöf var með svipuðu sniði og undanfarin ár, tvær kornagjafir af áburði á flatir og sex sinnum úðað áburði og bætiefnum. Borið var 2-3 sinnum á teiga. Flatir voru sandaðar í maí og svo aftur eftir tappagötun í byrjun september. Sáð var í flatir samhliða tappagötun.

Engum áburði hefur verið dreift á brautir á Garðavelli í þrjú ár að undanskildum nokkrum sérvöldum svæðum.

